

svo og eftirlit með bókhaldi hans og innheimtu gjalda. Ennfremur stjórn og umsjón með vegamálum bæjarins, vinnuvélum bæjarins, holræsum, götum, vatnsveitu, vatnssölu og götulýsingu, lóða- og fasteignamálum, brunamálum, sjúkrahúss- og elliheimilismálum, barnaleikvöllum og dagheimili allt eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar og reglugerðum þar að lútandi.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað að undanskilinni 1. grein sem öðlast gildi við næstu sveitarstjórnarkosningar.

Félagsmálaráuneytið, 19. júlí 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

um bann við fiskveiðum 2.—6. ágúst 1984.

1. gr.

Frá og með 2. ágúst 1984 til og með 6. ágúst 1984 er bátum sem eru minni en 10 brl. óheimilt að stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20 júlí 1984.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón B. Jónasson.